

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Skúlagötu 4 101 Reykjavík

8. október 2020

**Efni:** Athugasemd Samtaka þekkingarsetra við drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Auglýst í Samráðsgátt stjórnvalda 28.09.2020-09.10.2020.

*[Athugasemd þessi er innsend 8. okt. 2020 í umboði stjórnar  
Samtaka þekkingarsetra (SPS) og þekkingarsetra innan þess.]*

Samtök þekkingarsetra (SPS) vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun:

### **Forsendur, forsaga:**

Í framlögðu frumvarpi er áhersla á nýsköpun á landsbyggðinni eitt markmiða laganna, sbr. 1. grein frumvarpsins „*Markmið laga þessara er að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni*“. Í skýringum með frumvarpinu kemur einnig fram að „*framlög til og áhersla á nýsköpun á landsbyggðinni verði aukin í samvinnu við sveitarfélög, landshlutasamtök, atvinnulíf og þekkingarsamfélög á staðnum*“. Á þessum grunni eru enn fremur rakin í frumvarpinu áform um að móta „*... umgjörð um stafrænar smíðjur (e. fab-labs) og nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (NFM) í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti*“. Á fleiri stöðum í skýringum með frumvarpinu er vísað í eflingu nýsköpunar á landsbyggðinni og aukningu framlaga til þeirra verkefna í samráði við aðila í héraði. Texti frumvarpsins sjálfs er, þrátt fyrir ofangreind markmið og áform, að langmestu leyti útfærsla á stofnun tiltekins einkahlutafélags um afmörkuð verkefni á grunni starfsemi og húsnæðis Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Reykjavík.

Stjórn SPS fundaði í ágústlok með fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis, í starfshópi ráðuneytanna um málefni nýsköpunar. Óskað var eftir fundinum til að fylgja eftir minnisblaði sem sent var ofangreindum ráðuneytum í nafni þekkingarsetranna í apríl síðastliðnum. Þekkingarsetrin eru netverk stofnana um land allt og starfa skv. samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem eitt skilgreindra markmiða er að stuðla að eflingu nýsköpunarumhverfis á landsbyggðinni. Í minnisblaðinu bjóða setrin fram krafta sína til að styðja við nýsköpunarstarf þannig að svæðisbundin þekking og sérhæfing setranna

verði nýtt til uppbyggingar nýsköpunar á landsbyggðinni. Í þessu gæti sem dæmi falist rekstur frumkvöðlasetra og/eða rekstur FabLab- eða tæknismiðja í byggðum landsins.

### Úrbætur á lagafrumvarpi:

Samtök þekkingarsetra vilja koma því á framfæri að brýnt er að festa í texta laganna útfærslu og framkvæmd fyrrgreindra áforma um eflingu opinbers stuðnings við nýsköpun í byggðum landsins. Þannig verði lagatextinn ekki eingöngu útfærsla á stofnun og rekstri félags um afmörkuð verkefni heldur birti hann einnig metnaðarfull markmið frumvarpsins um eflingu innviða nýsköpunar og frumkvöðlastuðnings í byggðum landsins. Samtök þekkingarsetra hafa þegar lagt til með formlegum hætti að horft verði með beinum hætti til þekkingarsetrana þegar kemur að eflingu innviða nýsköpunar á landsbyggðinni. Í því ljósi telja samtökin brýnt að löggjöfin styðji við framkvæmd þess.

Dæmi um verkefni sem þarft er að útfæra og nefna í lagatextanum sjálfum en ekki eingöngu skýringartexta, eru eftirfarandi:

- Rekstur og fjármögnun stafrænna smiðja (e. fab-labs) á landsbyggðinni. Skýr heimild verði höfð í lagatextanum um samstarf svæðisbundins atvinnulífs og þekkingarsetra sem þegar starfa að áþekktum samningsbundnum verkefnum fyrir ríkisvaldið.
- Uppbygging frumkvöðlasetra, þ.e. grunnþjónustu og -aðstöðu, í byggðum landsins. Lögfesta heimild ráðuneytisins til að gera samninga um slík verkefni við þekkingarsetur sem þegar starfa að samningsbundnum verkefnum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Virðingarfyllst,

### Stjórn SPS 2020-2021:

Hugrún Harpa Reynisdóttir, formaður stjórnar

Hanna María Kristjánsdóttir, ritari stjórnar

Óli Halldórsson, meðstjórnandi